



# Úttekt

## Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún Búðardal



Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030](#) sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

#### Útgefandi

Embætti landlæknis  
Katrínartún 2  
105 Reykjavík  
S. 510 1900  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is

© 2022 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Aðferð .....	2
Starfsemi og þjónusta .....	2
Gæði og öryggi.....	3
Lyfjagjafir .....	3
Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagjöf .....	4
Gæðavísar .....	4
Skráning og úrvinnsla atvika .....	4
Þjónustukannanir.....	4
Mannauðsmál og starfsumhverfi.....	5
Húsnæði.....	5
Mat embættis landlæknis.....	6
Tilmæli og ábendingar embættis landlæknis.....	6

## Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Embætti landlæknis gerði úttekt á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni. Tilfni úttektarinnar var að embætti landlæknis ákvað að gera úttektir á nokkrum smærri hjúkrunarheimilum. Megin markmið úttektarinnar var að skoða öryggi og gæði heilbrigðisþjónustunnar. Úttektin tók til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, þjónustu, starfshætti, gæði, öryggi þjónustunnar og mönnun.

Embættið hefur [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 til 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu. Tölulegar upplýsingar í skýrslunni eru fengnar frá Silfurtúni og embætti landlæknis.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um það sem var skoðað en leiddi ekki til tilmæla.

Embættið þakkar stjórnendum og starfsfólki Silfurtúns góða samvinnu við úttektina. Úttektarskýrslan er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti.

## Aðferð

Starfsmenn embættisins heimsóttu dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún 26. september 2022 og 28. nóvember 2022. Haldinn var fundur með stjórnendum þar sem meðal annars var farið yfir markmið og tilgang úttektarinnar. Á fundinum voru hjúkrunarforstjóri<sup>1</sup>, sveitarstjóri Dalabyggðar og formaður stjórnar Silfurtúns. Einnig voru tekin viðtöl við fjóra starfsmenn Silfurtúns og tvo íbúa. Húsnæði Silfurtúns var skoðað ásamt því að afla gagna um starfsemi Silfurtúns, gæða- og umbótastarf og mönnun. Stjórnendur Silfurtúns höfðu fyrir heimsóknina lagt fram gæðauppgjör fyrir 31. ágúst 2021 til 1. september 2022. Einnig var rætt við lækinn sem sinnir íbúum á Silfurtúni.

Gögn frá Silfurtúni voru rýnd með tilliti til stefnu og stjórnunar, umfangs starfseminnar, gæða og öryggis íbúa. Viðtöl við stjórnendur, starfsmenn og íbúa voru greind, fundnir sameiginlegir þættir og lagt mat á það sem betur mætti fara. Auk þess voru tölulegar upplýsingar skoðaðar, niðurstöður gæðavisa, fjöldi skráðra atvika og kvartana.

## Starfsemi og þjónusta

*Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í [Stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#)*

Sveitarfélagið Dalabyggð á og rekur Silfurtún. Á heimilinu eru tíu hjúkrunarrými og tvö dvalarrými. Á fundi með stjórnendum komu fram áhyggjur þeirra af því að rekstur heimilisins er þungur fyrir sveitarfélagið og töluverðar áskoranir eru fólgnar í að vinna með það fjármagn sem heimilinu er ætlað. Vegna þess hve heimilið er lítið og rekstur erfiður er nú leitað að samlegðaráhrifum með öðrum stofnunum. Að sögn stjórnenda er unnið að gerð nýs skipurits. Fyrirhugað skipurit er; Sveitarstjórn – Byggðaráð – Stjórn Silfurtúns – Hjúkrunarforstjóri Silfurtúns – Almennir starfsmenn. Sveitarstjóri er tengiliður byggðaráðs við stjórn Silfurtúns og hjúkrunarforstjóra og kemur að ákvörðunum hvað varðar stærri framkvæmdir, en hjúkrunarforstjóri er faglegur stjórnandi. Undanfarið hafa sveitarstjóri ásamt formanni stjórnar Silfurtúns komið meira inn í ákveðin mál, t.a.m. varðandi það að fá utanaðkomandi stuðning við framkvæmd RAI-mats. Starfsmannamál og umönnun íbúa tilheyra faglegum stjórnanda.

Erfiðlega hefur gengið að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa á Silfurtún. Samstarf er við hjúkrunarheimilið Fellsenda um bakvaktarþjónustu hjúkrunarfræðinga sem þar starfa, sem ýmist er í formi símaráðgjafar eða komið

---

<sup>1</sup> Í skýrslunni er átt við starfandi hjúkrunarforstjóra Silfurtúns, nema annað sé tekið fram.

á staðinn ef þess er óskað. Fellsendi er í 20 mínútna akstursfjarlægð frá Búðardal, en sá hjúkrunarfræðingur sem flestar vaktir tekur býr í Búðardal og er mun fljótari að koma ef með þarf. Undir venjulegum kringumstæðum eru hjúkrunarfræðingar frá Fellsenda á bakvakt á kvöldin aðra hverja viku og allar helgar, en nú taka þeir mun fleiri bakvaktir vegna þess að starfandi hjúkrunarforstjóri er í hlutastarfi. Að sögn stjórnenda er unnið að ýmsum breytingum á þjónustunni, t.d. hefur skort á hugmyndafræði hjúkrunar en verið er að setja inn hjúkrunaráætlun fyrir alla íbúa sem starfsfólk á að nýta við daglega umönnun og er almenn ánægja með það. Markmiðið er að auðvelda hverjum íbúa að halda sem best sjálfstæði sínu, þrátt fyrir breytingar á líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu.

## Gæði og öryggi

*Gæða- og öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Meginþættir hennar eru: þekking á gæða- og öryggismálum, skuldbinding og forysta við að tryggja öryggi notenda, samskipti, samstarf sem og skráning og úrvinnsla atvika.*

*Þróuð gæða- og öryggismenning er fyrir hendi þegar gæði þjónustu og öryggi notenda heilbrigðisþjónustu er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin þjónustunni. Slíkt felur m.a. í sér að sífellt er unnið kerfisbundið að umbótum, hugað er að öryggi kerfislægra og mannlegra þátta og atvik eru nýtt sem námstækifæri. Enn fremur einkennist hún af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og notenda.*

Landlæknir hefur lagt fram *Áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu 2019* sem staðfest er af heilbrigðisráðherra og gefur henni vægi á við reglugerð. Áætluninni er ætlað að vera leiðsögn til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvernig þau geta uppfyllt þær kröfur. Þar kemur fram hvernig heilbrigðisstofnanir geta stöðugt fylgst með gæðum og öryggi þjónustunnar og brugðist við með umbótastarfi þegar þess gerist þörf. Í áætluninni eru fjórar megin stoðir: umbótaferli og stjórnskipulag, gæðavísar, skráning og úrvinnsla atvika og loks þjónustukannanir. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun við gerð gæðaáætlana.

Stjórnendur Silfurtúns mátu gæða- og umbótastarf óásættanlegt í gæðauppjöri sem sent var embætti landlæknis í tengslum við úttektina. Hafin er vinna við uppbyggingu á gæða- og umbótastarfi á heimilinu m.a. er verið að endurskipuleggja alla skráningu og að setja fram gæðamarkmið fyrir þjónustu við íbúa og aðstandendur. Stjórnendur sjá mörg tækifæri til styrkingar gæða- og umbótastarfs en telja sig þurfa utanaðkomandi stuðning til að ná upp á næsta þrep. Að sögn hjúkrunarforstjóra virðist umbótastarf hafa haft lítið vægi og skortur á fagmenntuðum starfsmönnum hamlað framþróun. Fyrirhugað er að koma á samstarfi við önnur lítil hjúkrunarheimili og vonir standa til þess að það samstarf muni nýtast við framþróun hjúkrunar og faglegan stuðning.

Gæðahandbók er ekki til, en ýmsar leiðbeiningar og verklýsingar eru skriflegar á vaktherbergi. Vegna þess að fagmönnum er lítil er samvinna við sjúkrahúsið á Akranesi um að flytja þangað, til meðferðar, íbúa sem glíma við flókna sjúkdómsbyrði sem og sjúklinga í lífslokameðferð, en áhersla á að þeir geti síðan snúið aftur til heimilisins ef við á.

## Lyfjagjafir

Íbúar fá lyf í lyfjarúllu frá Lyfjaveri. Lyf eru tiltekin fyrir hvern dag. Sjúkraliðar á vakt gefa lyfin en ef ekki er sjúkraliði á vaktinni gefa almennir starfsmenn lyfin. Að sögn stjórnenda hafa allir fengið kennslu um lyf sem notuð eru, en í viðtölum við starfsfólk kom fram að nýjasta starfsfólkið hafði ekki fengið þá fræðslu og var óöruggt, sérstaklega við gjöf verkjalyfja, þar með talið verkjaplástra. Lyf sem gefin eru eftir þörfum svo og krem og mixtúrur eru geymd í læstum skáp á vaktherbergi og starfsfólk gefur þau í samráði við hjúkrunarfræðing á bakvakt. Birgðir eftirritunarskyldra lyfja og fleiri ávana- og fíknilyfja eru verulega umfram þarfir

núverandi íbúa. Verið að yfirfara verklag er varðar hvaða sterk verkjalyf, róandi lyf og svefnlyf þurfa að vera til í lyfjaskáp eins og staðan er núna hjá íbúum. Einnig er unnið að því að tryggja skráningu lyfja í birgðabækur, þ.e. innkaup og notkun.

## Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagjöf

Sögukerfið er notað að hluta til við skráningu. Hjúkrunarforstjóri hefur nýverið fengið aðgang að Sögu og rafræn skráning hjúkrunarþátta er á frumstigi. Vegna þess að kostnaður við aðgang að Sögu er íþyngjandi fyrir heimilið hefur einungis hjúkrunarforstjóri aðgang enn sem komið er, en unnið er að því að fleiri fái aðgang. Aðrir skrá framvindu (rapport) í sameiginlegt Word skjal fyrir hvern heimilismann og dag í tölvu inn á opnu vaktherbergi. Ekki er sér skráningarmappa fyrir hvern íbúa og getur því verið flókið að fletta upp framvindu fyrir hvern íbúa, auk þess sem samantekt upplýsinga úr Word skjali er ekki færð inn í sjúkraskrá íbúa. Þá lá ekki fyrir hvar gamlar Word skráningar eru geymdar. Lyf sem gefin eru eftir þörfum eru skráð á pappírformi í sérstaka möppu, en ástæður fyrir notkun verkjalyfja og virkni þeirra á líðan íbúa er ekki skráð í sjúkraskrá viðkomandi íbúa. Pappírssjúkraskrár íbúa eru geymdar í herbergi hjúkrunarforstjóra, en ekki lá fyrir hvar eldri sjúkraskrár eru geymdar. Læknir staðarins hefur aðgang að Sögu gegnum heilsugæsluna og skráir öll sín samskipti við íbúa í Sögu undir heiti Silfurtúns.

## Gæðavísar

Í viðtölum kom fram að það vantar upp á þekkingu á gæðavísu og að ekki er markvisst fylgst með niðurstöðum InterRAI gæðavísa, né eru þeir notaðir til umbóta. Niðurstöður InterRAI gæðavísa síðustu þrjú tímabil voru ekki nægilega góðar. Þess ber að geta að á litlum heimilum má lítið út af bregða til að gæðavísar fari yfir viðmið. Hjúkrunarforstjóri er meðvitaður um nauðsyn þess að fylgjast með niðurstöðum gæðavísa og taldi brýnt að fá utanaðkomandi stuðning við að leggja fyrir næsta RAI mat í október 2022. Það mat liggur nú fyrir og sýnir þróun í rétta átt. Vegna persónuverndarsjónarmiða eru niðurstöður gæðavísa ekki birtar opinberlega ef þær byggja á færri en 20 íbúum.

## Skráning og úrvinnsla atvika

Í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“ Í 10. gr. laganna segir: „Heilbrigðisstofnunum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem veita heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkuðum. Jafnframt skal upplýsa sjúkling um hið óvænta atvik án ástæðulausra tafa og nánustu aðstandendur hans þegar það á við.“

Í fyrri heimsókninni fundust ekki skráningar um eldri atvik. Í seinni heimsókn hafði mappa fundist en þar var síðast skráð atvik 2016. Kerfisbundið verklag um eftirfylgd atvika hefur einnig vantað.

Hjúkrunarforstjóri leggur áherslu á skráningu atvika og ræðir við starfsmenn í kjölfar atvika. Ef atvik á sér stað er farið yfir hvað gerðist, hvernig var brugðist við og hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir atvikið. Áhersla er á finna lausnir til að draga úr líkum á að atvik endurtaki sig. Í samtölum við starfsfólk kom fram að það skráir atvik á sérstök atvikaskráningarblað og ánægja er með nýtt fyrirkomulag hjúkrunarforstjóra. Innleiðing á rafrænni atvikaskráningu í sjúkraskrárkerfið Sögu er ekki hafin. Engar kvartanir né alvarleg atvik borist embættinu er varða þjónustu við íbúa í Silfurtúni.

## Þjónustukannanir

Tvær þjónustukannanir voru gerðar á árinu 2022 þar sem íbúar og aðstandendur voru spurðir út í ýmsa þætti þjónustunnar. Kannanir koma almennt vel út en ekki hefur náðst að gera umbætur í takt við útkomu þeirra. Fyrirhugað er að gera reglulegar þjónustukannanir.

## Mannauðsmál og starfsumhverfi

Á Silfurtúni starfar venjulega hjúkrunarforstjóri í 100% starfi, sem bæði sinnir stjórnun og umönnun íbúa, en núna er tímabundið (frá ágúst-til lok árs 2022) ráðinn hjúkrunarforstjóri í 35% vinnu. Að öðru leyti eru bakvaktir hjúkrunarfræðinga frá Fellsenda. Fjórir sjúkraliðar vinna á heimilinu en annað starfsfólk er ekki með menntun í heilbrigðisfræðum. Flestir hafa unnið lengi á heimilinu og þekkja íbúa og aðstandendur vel. Fram kom í viðtölum að starfsfólki er umhugað að veita sem besta þjónustu til íbúa.

Hjúkrunarforstjóri metur að miðað við þarfir íbúa þyrfti að vera a.m.k. einn hjúkrunarfræðingur til viðbótar á dagvöktum og tryggja þyrfti að ávallt væri sjúkraliði á vakt. Á morgunvakt eru tveir starfsmenn, tveir á kvöldvakt og einn á næturvakt. Að mati stjórnenda er mönnun viðkvæm og lítið má út af bera t.d. ef báðir starfsmenn á vakt eru uppteknir að sinna sama íbúanum. Ef starfsmaður á næturvakt þarf aðstoð vegna skyndilegra veikinda íbúa, hafa starfsmenn sannmælt um að það megi hringja í ákveðna starfsmenn að nóttu til að fá aðstoð. Einnig er stundum hringt í bakvaktarhjúkrunarfræðing til að fá leiðbeiningar.

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að undirmönnun og langvarandi álag við umönnun hefur haft neikvæð áhrif á starfsandann. Samhliða stöðugu álagi er ákveðin óánægja hjá starfsfólki með faglega stjórnun og vinnuástöðu sem starfsfólkið telur nauðsynlegt að bæta. Fram kom að í kjölfar óánægju þeirra hefur veikindadögum fjölgað og erfitt hefur verið að manna vaktir. Stjórnendur hafa áhyggjur af að samstarfsörðuleikar hafi haft áhrif á starfsemina og kom það einnig fram í máli starfsfólks og íbúa. Hafin er vinna við úrbætur er varðar mannaúðsmál meðal annars með því að fá utanaðkomandi fagaðila til að aðstoða og telur starfsfólk að í kjölfarið hafi vinnuumhverfið verið meira hvetjandi.

Á Silfurtúni er starfsmannastefna og til staðar er verklag fyrir starfsmenn t.d. er varðar móttöku nýliða, starfsumhverfi, starfsmannaviðtöl og handþvott. Starfsfólk kannast ekki við að starfsmannaviðtöl hafi farið fram og segir að ekki hafi verið gerðar starfsumhverfiskannanir.

Hjúkrunarforstjóri vill efla þekkingu starfsmanna t.d. með reglulegum fræðsluerindum og hefur fengið góðar undirtektir starfsfólks. Auk þess er starfsfólki boðið upp á að fara á námskeið m.a. um umönnun. Fram kom í viðtölum að starfsfólk er ánægt með þessa þróun og finnst jákvætt að fá að afla sér meiri þekkingar.

Læknir á heilsugæslustöðinni í Búðardal kemur vikulega á hjúkrunarheimilið, oftast ef með þarf vegna veikinda og fer yfir stöðu íbúa og lyfjamál ásamt hjúkrunarforstjóra. Auk þess er læknir á bakvakt á næturnar og til staðar í bráðatilfellum. Að mati starfsfólks og íbúa er aðgengi að lækni gott og jákvætt að oftast er um sama lækni ræða og þeir sem koma í afleysingar hafa reynst vel.

Hvorki er starfandi sjúkrapjálfi né iðjupjálfi á Silfurtúni en starfsfólk er hvatt til að aðstoða íbúa við léttu hreyfingu og iðju. Prestur kemur reglulega og er mikil ánægja með hann að sögn starfsfólks og íbúa.

Hvorki íbúar né starfsfólk könnuðust við að haldnir væru fjölskyldufundir.

## Húsnæði

Silfurtún er stórt húsnæði á einni hæð þar sem gott aðgengi er inn í miðrými og síðan tvær álmur þar sem herbergi íbúa eru. Erfitt er að hafa yfirsýn yfir báða ganga þar sem íbúar búa. Íbúar eru allir á sérþýli sem eru stór og björt, með sér snyrtingu og útgang út í garð. Sameiginlegt rými býður upp á marga möguleika og sérstakt rými er fyrir iðju. Verið er að gera ýmsar breytingar á húsnæðinu út frá athugasemdum Vinnu-eftirlitsins.

Silfurtún fékk nýverið úthlutað sex milljónum króna frá Framkvæmdasjóði aldraðra til viðhalds á einstaklingsrýmum og hreinlætisaðstöðu. Skrifleg áætlun er um að taka eitt herbergi í gegn í einu og nú hafa þrjú herbergi verið endurnýjuð og verið er að laga baðaðstöðu í herbergjum ásamt ýmsu öðru í sameiginlegu rými. Verið er að endurgera sameiginlegt baðherbergi og mun þar verða góð aðstaða til að baða þá sem þurfa mikla aðstoð. Rými fyrir starfsfólk er fremur lítið og gluggalaust. Lyfjaskápur í skrifstofu hjúkrunarforstjóra ætti að

vera annars staðar til að sá sem tekur til lyfin fái næði, auk þess sem umgangur getur truflað stjórnanda í viðkvæmum samtölum og annarri flókinni vinnu.

## Mat embættis landlæknis

Að mati embættis landlæknis er áhyggjuefni hve þekking og áhersla á gæða- og öryggismenningu hefur haft lítið vægi. Hins vegar er jákvætt að stjórnendur eru að taka gæða- og umbótastarf til gagnerrar endurskoðunar og markviss vinna hafin þar að lútandi, auk þess sem þau taka þátt í samvinnuverkefni er varðar samþættingu og eflingu á öldrunarþjónustu í Dalabyggð. Hjúkrunarforstjóri hefur stuðning stjórnar og starfsfólks til að gera umbætur og áhugi er hjá starfsfólki að taka þátt í umbótavinnu.

Niðurstöður gæðavíska á Silfurtúni eru áhyggjuefni en jákvætt er þó að í síðustu mælingu í október 2022 voru þær betri en undanfarin misseri. Áfram eru mikil tækifæri til umbóta og hvetur embættið stjórnendur til að vinna markvisst með gæðavíska og nýta niðurstöður til umbóta líkt og fram kemur í *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030*. Ljóst er að það getur verið krefjandi fyrir lítil heimili að sinna gæða- og umbótastarfi og því styrkur að sambærileg heimili efndu til samstarfs.

Tekið er undir áhyggjur hjúkrunarforstjóra vegna geymslu lyfja í lyfjaskáp og í skáp á vaktherbergi þar sem geymd eru lyf sem gefin eru eftir þörfum. Nauðsynlegt að bregðast við og hafa einungis þau lyf í birgðum sem eru í notkun hverju sinni og það sama á við um geymslu lyfja sem gefin eru eftir þörfum.

Ljóst er að núverandi mönnun hjúkrunarfræðinga hefur haft í för með sér að sjúkraliðar og almennt starfsfólk tekur að sér ábyrgð, t.d. varðandi skráningu, flókna umönnun, lyfjagjafir og sárameðferðir, án þess að hafa viðeigandi þekkingu og þjálfun og það hefur haft áhrif á samskipti og starfsandann. Jafnframt komu fram áhyggjur hjá íbúum vegna samskiptavanda og álags á starfsfólk, þó svo að þeir væru almennt ánægðir með þjónustuna á heimilinu. Jákvætt er að utanaðkomandi sérfræðingur var kallaður til aðstoðar. Embættið leggur áherslu á að unnið verði áfram að því að tryggja viðunandi mönnun og bæta samskipti starfsfólks, en opin og góð samskipti milli starfsfólks og þjónustuþega svo og gagnkvæmt traust og virðing, eru lykilþættir í gæða- og öryggismenningu. Bakvaktarstuðningur frá hjúkrunarheimilinu Fellsenda er til bóta eins og sakir standa, en tryggja þarf að hjúkrunarfræðingar þaðan komi í Silfurtún þegar þörf krefur.

## Tilmæli og ábendingar embættis landlæknis

Ljóst er að sum atriði í mati embættis landlæknis, sem t.d. lúta að heildarskipulagi þjónustu við íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni eru víðtækari en svo að hægt sé að beina þeim eingöngu til faglegs stjórnanda heimilisins heldur þarf stjórn heimilisins að koma þar að. Mörg umbótatækifæri snúa að öllum stjórnendum Silfurtúns.

Í fyrstu málsgrein 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu segir m.a. að „Landlæknir skal hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma” og í 2. mgr. segir: „Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur skv. 6. gr. eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila.“

Embætti landlæknis beinir eftirfarandi tilmælum/ábendingum til stjórnenda Silfurtúns:

1. Tryggja þarf betri mönnun bæði faglærðra og starfsfólks án heilbrigðismenntunar.
  - a. Setja þarf upp áætlun um órofinn rekstur m.a. með því að tryggja viðunandi mönnun hjúkrunarfræðinga og gott aðgengi að hjúkrunarfræðingi á bakvakt.
  - b. Fjölga þarf starfsmönnum á næturvakt til að auka öryggi íbúa og starfsmanna.
  - c. Tryggja þarf mönnun á dagvöktum til að unnt sé að sinna iðju, hreyfingu og fleiru er varðar virkni íbúa.
  - d. Efla þarf starfsánægju starfsfólks m.a. með því að halda áfram með þann utanaðkomandi fagstuðning sem byrjað er á.



2. Tryggja þarf að sjúkraskrá sé færð samkvæmt lögum um sjúkraskrár:
  - a. Tryggja þarf aðgengi að rafræna sjúkraskrákerfinu Sögu og bæta þarf skráningu í sjúkraskrá.
  - b. Tryggja þarf að framvinda (rapport) sé skrifuð markvisst út frá hjúkrunargreiningum og líðan íbúa.
  - c. Tryggja þarf að öll gögn er varða þjónustu við íbúa, þar með talið sjúkraskrár, pappírskráningar og skráningar í Word skjöl, séu geymd með öruggum hætti.
  - d. Tryggja þarf að munnlegar upplýsingar um líðan íbúa berist á milli vakta.
3. Fylgja þarf áætlun varðandi nauðsynlegar breytingar á húsnæði í samræmi við athugasemdir Vinnu-  
eftirlitsins og fylgja ábendingum þeirra.

Í 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu segir m.a.:

Landlæknir gerir áætlun um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustunnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Áætlun um gæðapróun skal miða að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar.

Enn fremur að:

Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn skulu við gerð gæðaáætlana taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðapróun.

Embætti landlæknis beinir eftirfarandi tilmælum til stjórnenda Silfurtúns sem og að unnið verði markvisst samkvæmt *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030 og setur fram eftirfarandi ábendingar:*

1. Styðja þarf markvisst við stjórnendur og starfsfólk varðandi umbótavinnu:
  - a. Tryggja þarf aðgengi að gæðahandbók og verklagsreglum, fjölga þarf skráðum verklagsreglum og vinnulýsingum og endurskoða þær sem þegar eru í notkun.
  - b. Kynna þarf og innleiða gæðahandbók og verklagsreglur fyrir starfsfólki og ítreka mikilvægi þess að nýta í starfi.
  - c. Skilgreina þarf hvaða verklagsreglum allir þurfa að standa skil á og fylgja eftir að starfsfólk tileinki sér þær.
  - d. Tryggja þarf markvissa fræðslu til starfsfólks og auka tækifæri til símenntunnar.
2. Þjónustukannanir verði gerðar reglulega, þ.e. kannanir meðal íbúa og aðstandenda og niðurstöður þeirra verði nýttar til umbóta.
  - a. Þjóða ætti reglulega upp á fjölskyldufundi fyrir íbúa og aðstandendur þeirra.
3. Fara þarf skipulega yfir gæðavísa, fylgja niðurstöðum þeirra eftir og nýta þær til umbóta.
4. Tryggja þarf að atvik séu ávallt skráð og að úrvinnsla atvika sé markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað.
5. Setja skal fram skýra lyfjastefnu fyrir Silfurtún, tryggja að lyf sem gefin eru séu skráð og markvisst sé farið yfir lyfjalista íbúa a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Embætti landlæknis mun fylgja framangreindum ábendingum og tilmælum eftir. Stjórnendur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns skulu senda embættinu tímasetta umbótaáætlun eigi síðar en 1. maí 2023 og framgangsskýrslu 1.september 2023, 1.desember 2023 og 1.mars 2024.